



Loftræsisamstæður fyrir 1. og 2. áfanga Rimaskóla

## Útboð nr. 15869

Útboðslýsing

**Kaupandi:**

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

**Umsjónaraðili Útboðs:**

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

**júní 2023**

# Efnisyfirlit

<b>0.</b>	<b>ÚTBOÐSSKILMÁLAR</b>	<b>3</b>
0.1	Almenn lýsing	3
0.1.1	Yfirlit og helstu dagsetningar	3
0.1.2	Upplýsingar um umsjónaraðila	3
0.1.3	Útboðsgögn	3
0.2	Fyrirspurnir, viðaukar og önnur samskipti	3
0.3	Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun	4
0.4	Fylgigögn bjóðanda með tilboði	4
0.5	Gerð, framsetning og afhending tilboðs	4
0.5.1	Fyrirvarar	5
0.5.2	Frávíkstilboð	5
0.5.3	Afturköllun tilboða	5
0.6	Opnun tilboða	5
0.7	Forsendur fyrir vali tilboðs	5
0.8	Kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu	5
0.9	Samþykki tilboðs og samningur	5
<b>1.</b>	<b>SAMNINGSSKILMÁLAR</b>	<b>5</b>
1.1	Verðlagsgrundvöllur	6
1.2	Greiðslur	6
1.2.1	Rafrænir reikningar	6
1.2.2	UNSPSC vöruflokkun	7
1.3	Samskipti á samningstíma	7
1.4	Afhending og afhendingarskilmálar	7
1.5	Févíti	7
1.6	Óviðráðanleg ytri atvik	8
1.7	Ábyrgð og tryggingar	8
1.8	Framsal réttinda	8
1.9	Skuldskeyting - undirverktaka	9
1.10	Laun, starfskjör og keðjuábyrgð	9
1.11	Persónuvernd	9
1.12	Ábyrg innkaup	9
1.13	Vanefndir og uppsögn	10
1.14	Lög og reglugerðir	10
1.15	Ágreiningsmál	10
<b>2.</b>	<b>TÆKNILÝSING</b>	<b>11</b>

## 0. Útboðsskilmálar

### 0.1 Almenn lýsing

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnd Innkaupaskrifstofa), f.h. Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, (hér eftir nefndur kaupandi) óskar eftir tilboðum í Loftræsisamstæðum til notkunnar fyrir endurbætta loftræsingu í Rimaskóla samkvæmt þessum útboðsgögnum. Um er að ræða útboð sbr. 22. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

#### 0.1.1 Yfirlit og helstu dagsetningar

- Fyrirspurnarfrestur bjóðanda: 03. 07 2023 kl. 10:00
- Svarfrestur kaupanda: 05. 07 2023 kl. 10:00
- Opnunartími og tilboðsfrestur rennur út: 07. 07 2023 kl. 10:00
- Tilboð skulu gilda í 8 vikur frá opunardegi tilboða.

#### 0.1.2 Upplýsingar um umsjónaraðila

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Borgartún 12-14

105 Reykjavík

Ísland

Sími: 411-1111

Netfang Innkaupaskrifstofu: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)

Útboðsvefur Reykjavíkurborgar: <http://utbod.reykjavik.is>

Vefsíða Innkaupaskrifstofu: <http://reykjavik.is/utbod>

#### 0.1.3 Útboðsgögn

- Útboðslýsing þessi nr. 15869
- Tilboðsblað, Tilboðsskrá, tæknilýsing.
- Viðaukar sem sendir eru út áður en tilboðsfrestur rennur út.
- Fyrirspurnir, viðaukar og önnur samskipti

Öll samskipti skulu fara fram með skriflegum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar í gegnum flipann „Samskipti/Correspondence“ fyrir þetta útboð á útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í þeim sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæðina, skal hann þá senda Innkaupaskrifstofu skriflega fyrirspurn með hæfilegum fyrirvara miðað við eðli fyrirspurnar eða í síðasta lagi fyrir tilgreindan fyrirspurnarfrest. Fyrirspurnir sem berast síðar verða ekki teknar til greina. Fyrirspurnir skulu merktar númeri verðfyrirspurnar og sendar í gegnum útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Bjóðandi er hvattur til þess að kynna sér útboðsgögnin vel og nýta sér fyrirspurnir til þess að koma á framfæri athugasemdum sem hann hefur við gögnin.

Viðaukar við útboðsgögn sem geta innihaldið svör við fyrirspurnum, breytingar á útboðsgögnum eða aðrar viðbótarupplýsingar verða birtir á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Bjóðendur bera ábyrgð á því að fylgjast með framkvæmd útboðsins á útboðsvefnum.

## 0.2 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun

Ekki verður boðið upp á kynningarfund eða vettvangsskoðun í þessari verðfyrirspurn]

## 0.3 Fylgigögn bjóðanda með tilboði

Eftirfarandi gögn skulu fylgja með tilboði bjóðanda.

- ✓ **Upplýsingar um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu.**
- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu

### A. Upplýsingar um laun, starfskjör og keðjuábyrgð, sbr. kafla 1.10

- ✓ Bjóðandi skal skila undirritaðri yfirlýsingu um ábyrgð sína varðandi það að hann tryggi og beri ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn samningsaðila, undirverktaka eða starfsmannaleigu, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Einnig skal seljandi tryggja með virku eftirliti að starfsmenn undirverktaka og starfsmannaleigu fái viðeigandi laun og réttindi í samræmi við framangreint.

### B. Upplýsingar er varða verkefnið

- ✓ Útfyllt og undirritað tilboðsblað (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)
- ✓ Útfyllt og undirrituð tilboðsskrá (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)
- ✓ Útfyllt tilboðsbók (tilboðsblað, tilboðsskrá og lágmarkskröfulistu samkvæmt tæknilýsingu) sem Excel-skjal
- ✓ Upplýsingar um boðna vöru/þjónustu

Ekki er tryggt að merktir liðir séu tæmandi listi yfir gögn sem bjóðendum ber að skila og er rík skylda lögð á bjóðendur að kynna sér gögnin rækilega.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum sem varða verkefnið.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki kann það að valda ógildingu tilboðs.

## 0.4 Gerð, framsetning og afhending tilboðs

Tilboð skal sett fram í tilboðsbók og skilað ásamt umbeðnum gögnum með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Ekki er hægt að skila inn tilboðum eftir að tilboðsfrestur er útrunninn.

Bjóðandi skal í tilboði sínu gera ráð fyrir öllum kostnaði og gjöldum sem hann skal bera, hvaða nafni sem þau nefnast, sem hljóttast af vegna verkefnisins eins og því er lýst í þessum útboðsgögnum. Tilboðsfjárhæðir skulu tilgreindar með virðisaukaskatts. Sé ósamræmi á milli tilboðsskrár og tilboðsblaðs verða tilboð leiðrétt m.t.t. tilboðsskrár.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna þeim tilboðum sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsgögnum þessum.

Kaupandi mun ekki greiða fyrir kostnað bjóðanda sem hlýst vegna þátttöku og tilboðsgerðar í þessu innkaupaferli.

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku og/eða ensku.

Innkaupaskrifstofa mælir með því að bjóðandi kynni sér útboðsvef Reykjavíkurborgar. Innkaupaskrifstofa getur ekki tryggt að bjóðandi fái aðstoð við notkun á útboðsvef.

Innkaupaskrifstofa mun leitast við að aðstoða bjóðanda við notkun á útboðsvef enda berist ósk þar um með hæfilegum fyrirvara eða eigi síðar en tveimur virkum dögum fyrir viðkomandi tímafrest.

#### 0.4.1 Fyrirvarar

Bjóðanda er óheimilt að gera hvers kyns fyrirvara við tilboð sitt. Innihaldi tilboð fyrirvara án þess að slíkt sé heimilað verður viðkomandi tilboði vísað frá.

#### 0.4.2 Frávikstilboð

Frávikstilboð eru óheimil.

#### 0.4.3 Afturköllun tilboða

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt á útboðsvef Reykjavíkurborgar áður en tilboðsfrestur rennur út.

### 0.5 Opnun tilboða

Tilboð verða opnuð eftir að tilboðsfrestur rennur út.

Opnun tilboða fer fram á opnunarfundi með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Á opnunarfundi verða lesin upp nöfn bjóðenda, **heildartilboðsupphæð** og hvort tilboð séu sett fram sem frávikstilboð og skráð í fundargerð opnunarfundar. Fundargerðin **ásamt samantekt sem inniheldur frekari upplýsingar af tilboðsblöðum** bjóðenda verður birt opinberlega á vefsíðu Innkaupaskrifstofu eftir opnun tilboða.

Opnunarfundur fer fram í Borgartúni 12-14. Bjóðendum verður ekki boðið að vera viðstaddir opnunarfund, sjá má niðurstöðu í fundargerð opnunarfundar á vefslóðinni <https://reykjavik.is/opnun-tilboda-2021>.

### 0.6 Forsendur fyrir vali tilboðs

Samið verður við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli **lægsta verðs**.

Tilboð bjóðanda telst óaðgengilegt ef bjóðandi býður hærra verð en kostnaðaráætlun kaupanda gerir ráð fyrir. Kaupandi áskilur sér þó rétt til að taka tilboði sem er hærra en kostnaðaráætlun eftir því sem við á.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir skýringum, upplýsingum eða boða til skýringarfundar með bjóðanda ef gögn sem bjóðandi leggur fram virðast ófullkomin eða ef tiltekin skjöl vantar, þannig að kaupandi geti betur lagt mat á tilboð bjóðanda með tilliti til lágmarkskrafna og hæfi bjóðanda.

### 0.7 Kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu

### 0.8 Samþykki tilboðs og samningur

Tilboð skulu vera óbindandi og samningssamband skal ekki komast á milli aðila nema með undirritun samnings eða við viðtöku pöntunar.

## 1. Samningsskilmálar

Í samningsskilmálum er kveðið á um skyldur og réttindi samningsaðila þegar tilboð hefur verið endanlega samþykkt og eftir að kominn er á bindandi samningur að loknu innkaupaferli. Sá aðili sem kaupandi semur við að loknu innkaupaferli er hér eftir kallaður „seljandi“.

## 1.1 Verðlagsgrundvöllur

Leggja skal fram tilboð í íslenskum krónum. Öll tilboðsverð skulu sett fram með virðisaukaskatti.

Tilboðsverð skal vera fast út samningstímann.

## 1.2 Greiðslur

Enginn innáborgun fyrir vöru verður gerð.

Reikningur fer í samþykktarferli við afhendingu á samstæðum til verkkaupa úr vöruhúsi í Reykjavík.

Reykjavíkurborg áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við dagsetningu reiknings. Ef reikningur er ekki sendur samkvæmt forskrift eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Þó Reykjavíkurborg greiði reikninga samkvæmt gjaldskrá sem ekki er staðfest af kaupanda felst ekki í því viðurkenning á nýrri gjaldskrá. Komi slíkt í ljós áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til skuldajöfnunar á grundvelli gildandi gjaldskrár.

Seljendur sem vilja grennslast fyrir um stöðu reikninga sinna hjá Reykjavíkurborg snúi sér til Fjármála- og áhættustýringarsviðs í síma 411-1111 eða tölvupóstfang: [bokhald@reykjavik.is](mailto:bokhald@reykjavik.is).

### 1.2.1 Rafrænir reikningar

Seljandi skal senda reikning vegna verkefnisins eftir að vara, þjónusta eða verk hefur verið afhent og samþykkt af kaupanda.

Ekki skulu koma fram á reikningi gjöld sem ekki tengjast seldri vöru eða þjónustu, s.s. seðil- eða þjónustugjöld.

Allir reikningar til Reykjavíkurborgar skulu vera á rafrænu formi. Skulu þeir fylgja gildandi tækniforskriftum frá Staðlaráði Íslands fyrir rafræna reikninga.

Upplýsingar er varða rafræna reikninga má nálgast á vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/sjalfvirkir-rafraenir-reikningar>.

Reikningur skal ávallt innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Kennitala kaupanda: **570480-0149 (Reykjavíkurborg – Eignasjóður)**
- Kostnaðarstaður/deild: Skrifstofa framkvæmda- og viðhalds
- Verknúmer og/eða verkþáttur: kaupandi tilgreinir
- Númer samnings: IKS tilgreinir
- GLN kennitala: kaupandi tilgreinir (Kostnaðarstaður hjá Reykjavíkurborg)
- Sundurliðun á vöru og/eða þjónustu, magn og eining
- Listaverð án vsk., afsláttarprósenta og afsláttarverð án vsk.
- UNSPSC númer: kaupandi tilgreinir
- Aðrar lögbundnar upplýsingar

Reikningur þarf að innihalda einhverja af eftirtöldum tilvísunum:

- Númer á undirritaðri beiðni
- Verkbeiðnanúmer vegna framkvæmda
- Nafn eða kennitala þess sem pantar

Rafræna reikninga skal senda þann dag sem dagsetning reiknings segir til um.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að hafna reikningum sem uppfylla ekki framangreind skilyrði.

Ef nánari upplýsinga er óskað vegna rafrænna reikninga má hafa samband við Agresso sérfræðinga Fjármála- og Áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar í síma 411-1111 eða senda fyrirspurn á netfangið: [rafraenir.reikningar@reykjavik.is](mailto:rafraenir.reikningar@reykjavik.is).

Bjóðendur skulu gera ráð fyrir öllum kostnaði vegna útgáfu og sendingu rafrænna reikninga í tilboðsverði sínu, þ.m.t. sundurliðun reikninga.

### 1.2.2 UNSPSC vöruflokkun

UNSPSC (United Nations Standard Product and Services Code®) er alþjóðlegt flokkunarkerfi fyrir vörur og þjónustu. UNSPSC flokkunin hentar fyrir allar gerðir framleiðsluvara og þjónustu í öllum greinum atvinnulífs. UNSPSC staðallinn er opinn staðall og er aðgengilegur aðilum án kostnaðar. Uppbygging UNSPSC vöruflokkunarstaðals sameinuðu þjóðanna:

- Vöruhópur (Segment): 10000000
- Flokkur (Family): 10100000
- Tegund (Class): 10101500
- Vara (Commodity): 10101501

Reykjavíkurborg gerir kröfu til seljanda að í öllum línnum rafræns reiknings komi fram UNSPSC númer samkvæmt upplýsingum um rafræna reikninga.

Nánari upplýsingar um UNSPSC flokkunarkerfið má nálgast á <https://www.unspsc.org/>.

### 1.3 Samskipti á samningstíma

Þegar kominn er á samningur mun kaupandi annast samskipti við seljanda á samningstímanum.

Kaupanda er heimilt að óska eftir minniháttar breytingum á verkefninu og skulu aðilar semja sérstaklega um breytingar og greiðslur vegna þeirra áður en þær koma til framkvæmda. Á sama hátt er seljanda heimilt að óska breytinga, svo fremi að þær hafi engin áhrif á starfsemi kaupanda. Allar óskir um breytingar, framhaldskaup, ný verkefni eða niðurfellingu á kaupum, skulu aðilar tilkynna skriflega með hæfilegum fyrirvara í samræmi við eðli verkefnisins.

Samningur um breytingar, framhaldskaup, ný verkefni eða niðurfellingu á kaupum skal vera skriflegur og undirritaður af samningsaðilum.

### 1.4 Afhending og afhendingarskilmálar

Séu vörur skemmdar við afhendingu vegna flutninga, framleiðslugalla eða annarra ástæðna skal seljandi taka við skemmdu vörunum og afhenda heilar vörur eins fljótt og mögulegt er á sinn kostnað.

Seljandi ábyrgist að vörur séu samkvæmt forskrift útboðsgagna við afhendingu.

Vara afhendist úr vöruhúsi í Reykjavík.

### 1.5 Févíti

Dragist afhending umfram umsaminn skiladag af orsökum sem ekki verða raktar til kaupanda, þá getur kaupandi krafist seljanda um févíti 0,2% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern byrjaðan

almanaksdag sem afhending dregst umfram umsaminn skiladag. Þó skal hámark févita vera sem svarar 10% af heildarsamningsfjárhæð. Sé hámarki févita náð telst það veruleg vanefnd á samningi. Heimilt er að skuldajafna af heildarsamningsfjárhæð hafi greiðslur vegna févítis ekki skilað sér.

Hvenær sem er á samningstíma skal seljandi geta sýnt kaupanda fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart starfsmönnum séu uppfyllt í samræmi við kafla 1.10. Seljandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni þjónustunnar fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan fimm daga frá því að ósk um slíkt er borin fram af kaupanda getur kaupandi beitt févítum sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Verði seljandi uppvís að brotum gegn keðjuábyrgð sinni samkvæmt kafla 1.10 skal kaupandi beita sektarákvæðum þar til seljandi hefur rétt hlut allra starfsmanna sem um ræðir. Kaupandi skal í þeim tilfellum beita féviti sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem ákvæði keðjuábyrgðar eru brotin eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Ákvæði þessa kafla skulu ekki takmarka kaupanda til að sækja frekari bóta sé þess þörf vegna dráttá á afhendingu skv. lögbundnum vanefndarúrræðum gangi þau lengra en ákvæði þetta.

## 1.6 Óviðráðanleg ytri atvik

Komi upp óviðráðanleg staða vegna ófyrirséðra orsaka (force majeure), t.d. viðskiptahamlana, flutningsskaða, eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands, hryðjuverka, hópslysa, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða truflunar á fjarskiptum eða orkuveitum skal seljandi eða kaupandi tilkynna eins fljótt og við verður komist um slíkar aðstæður og skilgreina á hvaða hátt það hefur áhrif á samningskyldur þeirra. Séu einhverjar af ofantöldum aðstæðum fyrir hendi skal ekki beita vanefndarúrræðum ef seljanda eða kaupanda er ókleift að uppfylla samningskyldur sínar enda hafi slíkar aðstæður verið tilkomnar eftir gildistöku samnings og ekki fyrirsjáanlegar í aðdraganda samnings.

## 1.7 Ábyrgð og tryggingar

Seljandi skal vera með allar lögboðnar tryggingar í gildi sem eiga við um hans starfssemi.

Upphaf ábyrgðar miðast við afhendingardag samstæðna. Samstæður og allur búnaður skal vera í ábyrgð í a.m.k. eitt ár.

Misræmi í gögnum

Ef seljandi verður var við ósamræmi í útboðsgögnum eftir að samningur er kominn á skal seljandi tafarlaust tilkynna kaupanda það til úrskurðar. Komi fram villur í útboðsgögnum, er seljandi eftir sem áður bundinn af tilboði sínu. Vanræki seljandi að tilkynna slíka villu áður en viðkomandi vara er afhent fellur réttur seljanda til bóta niður. Kaupandi á rétt á lækkun samningsupphæðar, ef villan leiðir til minni kostnaðar. Semja skal eins fljótt og unnt er um þær breytingar á samningsupphæð sem leiða af framansögðu.

## 1.8 Framsal réttinda

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi sem gerður verður í framhaldi af verðfyrirspurn þessari nema með skriflegu samþykki kaupanda.

Seljanda er óheimilt að binda kaupanda á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á samningstímanum. Einnig er seljanda óheimilt, án sérstaks samþykkis kaupanda, að veðsetja efni, tæki, vélar eða annan þann búnað sem verður hluti af verkefninu og kaupandi hefur greitt fyrir.



Vara sem kaupandi hefur fengið reikning fyrir má ekki vera með eignarréttarfyrirvara frá seljanda vörunnar, án sérstaks samþykkis kaupanda.

## 1.9 Skuldskeyting - undirverktaka

Seljanda er óheimilt, án samþykkis kaupanda, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Feli seljandi undirverktaka að taka að sér einstaka þætti, í kjölfar samþykktar kaupanda, skal tilkynna það kaupanda og breytast í engu skyldur seljanda gagnvart kaupanda.

## 1.10 Laun, starfskjör og keðjuábyrgð

Seljandi skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn samningsaðila, undirverktaka eða starfsmannaleigu, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Einnig skal seljandi tryggja með virku eftirliti að starfsmenn undirverktaka og starfsmannaleigu fái viðeigandi laun og réttindi í samræmi við framangreint.

Þá skal kaupanda heimilt að greiða vangoldnar greiðslur til undirverktaka og annarra starfsmanna, sem svarar til launagtengdra greiðslna, á kostnað seljanda standi hann ekki í skilum með slíkar greiðslur sbr. 42. gr. Innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Efni seljandi ekki samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði þessa kafla er kaupanda heimilt að beita ákvæðum sem fram koma í kafla 1.5 og í kafla 1.13.

## 1.11 Persónuvernd

Reykjavíkurborg hefur það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg hefur því sett sér persónuverndarstefnu í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlaga). Löggin eru byggð á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (almenna persónuverndarreglugerðin) eða „GDPR“.

Í verðfyrirspurnargögnum þessum er ekki gert ráð fyrir að bjóðendum verði falin vinnsla persónuupplýsinga á vegum Reykjavíkurborgar sem ábyrgðaraðila í skilningi 7. tl. 3. gr. persónuverndarlaga nr. 90/2018 á samningstímanum. Komi upp síðar á gildistíma samnings að slík vinnsla persónuupplýsinga verði þörf skal engin vinnsla fara fram af hálfu vinnsluaðila fyrr en búið er að gera grein fyrir umfangi vinnslu persónuupplýsinga og heimildum til vinnslu þeirra samkvæmt ákvæðum persónuverndarlaga í vinnslusamningi samkvæmt 25 gr. laganna og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til vinnsluaðila lögum samkvæmt.

Persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar má sjá í heild sinni á heimasíðu Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/personuvernd>.

## 1.12 Ábyrg innkaup

Sem hluti af ábyrgum innkaupum Reykjavíkurborgar hafa verið settar fram stefnur í ýmsum málaflokkum. Kaupandi hefur tekið mið af stefnum Reykjavíkurborgar varðandi ábyrg innkaup í þessari verðfyrirspurn.

### 1.13 Vanefndir og uppsögn

Seljandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði verðfyrirspurnargagna þessara. Vanefni hann þær, er kaupanda heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum laga.

Leiti seljandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé óskað gjaldþrotaskipta á búi hans eða ef gert er árangurslaust fjárnám hjá honum hvenær sem er á samningstímanum getur kaupandi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða verulegar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Hvenær sem er á samningstíma skal seljandi geta sýnt kaupanda fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart starfsmönnum séu uppfyllt í samræmi við kafla 1.10. Seljandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni þjónustunnar fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan fimm daga frá því að ósk um slíkt er borin fram af kaupanda getur kaupandi beitt févítum sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Verði seljandi uppvís að brotum gegn keðjuábyrgð sinni samkvæmt kafla 1.10 1.10 skal kaupandi beita sektarákvæðum þar til seljandi hefur rétt hlut allra starfsmanna sem um ræðir. Kaupandi skal í þeim tilfellum beita févíti sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem ákvæði keðjuábyrgðar eru brotin eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Afhendi seljandi vöru, í eitt skipti, sem ekki uppfyllir kröfur kaupanda samkvæmt útboði þessu, er kaupanda heimilt að rifta samningi án frekari fyrirvara.

### 1.14 Lög og reglugerðir

Seljandi skal lúta í einu og öllu ákvæðum íslenskra laga og reglugerða. Seljandi skal tryggja að afhent vara og/eða þjónusta sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að á hverjum tíma út samningstímann.

### 1.15 Ágreiningsmál


Rísi ágreiningur út af verkefni því, sem þessi verðfyrirspurn fjallar um, skulu aðilar reyna sitt ítrasta til að ná sáttum og jafnvel leita formlegrar sáttamiðlunar hjá sáttamiðlara en að öðrum kosti skal ágreiningi vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur.

## 2. Tæknilýsing

Um er að ræða tvær eins loftræsisamstæður sem hvor þjónustar eina álmu skólans. Koma á samstæðunum fyrir á sama tíma og þakviðgerðir fara fram og verða þær þá hífðar inn í þakrými skólans. Afköst, stærð og fyrirkomulag á loftræsisamstæðunum er eins fyrir báðar samstæðurnar og eru tækniröfur settar fram hér. Ath! Spjaldlokur og hitaelement eru hluti af þessari verðfyrirspurn.

### Samstæða 1 og Samstæða 2:

1. Loftmagn 4.000 l/s @ 200 Pa
2. Varmaendurvinnsla 80% um plötuvarmaskipti (með framhjálaupi)
3. SFP <2,0 kW/(m<sup>3</sup>/s)
4. Hitaelement sem tryggir 20°C innblásturshitastig (hluti af tilboði)
5. Hljóðstig í innblástursgrein ekki meiri en 84 dB(A)
6. Spjaldlokur með mótör á útkasti og inntaksgrein samstæðu (hluti af tilboði)
7. Loftsiur F7 fyrir innblástur / M5 fyrir útsog
8. Þjónustuhlíð og uppröðun samstæðu eins og sýnt er á *Mynd 1*
9. Hæð ekki meiri en 2300 mm (takmarkað pláss í þakrými)
10. Breidd ekki meiri en 2300 mm (takmarkað pláss í þakrými)



*Mynd 1: Ásýnd af þjónustuhlíð samstæðu og uppröðun innblásturs og útsogsgreina. Málsetningar aðrar en þær sem teknar eru fram í tæknilýsingu mega vera aðrar en sýnt er hér.*

### Stýring fyrir samstæður:

Stýring fyrir samstæður skal vera sjálfstæð fyrir hverja samstæðu og koma tilbúin og uppsett með samstæðu frá framleiðanda. Hægt skal vera að hliðra óskgildum og nálgast upplýsingar um stýringu í skjá, áföstum á eða við samstæðu. Helstu kröfur til stýringar eru:

1. Fast loftmagn en breytilegt eftir klukku (nætúrkeysra)
2. Fast innblásturshitastig eftir hitanema í innblástursgrein
3. Hitanemar í öllum greinum samstæðu (innblástur/útsog/inntak/útkast)
4. Varmaendurvinnsla á að vera stýrð með spjaldlokum með mótör til að hámarka varmanýtni en koma í veg fyrir varmaendurvinnslu ef að t.d of heitt er í veðri
5. Spjaldlokur á samstæðu opnar við keyrslu en lokaðar þegar samstæðan er stopp
6. Síuvaki fylgist með þrýstifalli fyrir loftsiur



7. Mótorloki á hitara stýrist frá samstæðu ásamt gangmerki hringrásardælu 230V
8. Við brunaboð frá húsi stoppar samstæða
9. Við bilun/viðvörðun í samstæðu berst merki frá samstæðu (til brunastöðvar)
10. Á stýringunni skal vera tengimöguleiki fyrir ethernet svo hægt sé að nálgast upplýsingar um stýringuna/samstæðuna á vefsíðu/vefviðmóti ásamt því að breyta helstu óskgildum

## TILBOÐSBLAÐ

Undirritaður gerir hér með eftirfarandi tilboð í vörukaup

### Loftræsisamstæður fyrir 1. og 2. áfanga Rimaskóla

Allar tilboðsfjárhæðir eru með virðisaukaskatti.

HEILDARTILBOÐSFJÁRHÆÐ MEÐ VSK \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Staður og dagsetning

\_\_\_\_\_

Nafn fyrirtækis og kennitala

\_\_\_\_\_

Undirskrift

\_\_\_\_\_

Heimilisfang

\_\_\_\_\_

Sími

\_\_\_\_\_

Netfang